



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2012

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 19,2 ma.kr. en var neikvætt um 29,7 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 37,8 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 19,4 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 46,1 ma.kr. Hluti af því fráviki skýrist með því að raundreifing útgjalda hefur verið önnur en gert var ráð fyrir. Inni í heimildum er búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júní 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	225.573	204.794	232.456	214.147	251.944
Greidd gjöld	197.714	258.552	261.644	249.140	268.568
Tekjujöfnuður	27.859	-53.758	-29.189	-34.993	-16.624
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	222	7.301	-7.338	5.309	-2.573
Handbært fé frá rekstri	28.081	-46.457	-36.527	-29.684	-19.197
Fjármunahreyfingar	-1.486	1.209	-34.774	56.628	-8.045
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	26.595	-45.248	-71.301	26.944	-27.242
Afborganir lána	-31.415	-72.060	-135.516	-72.771	-164.643
Innanlands	-15.854	-72.060	-72.040	-1.920	-9.522
Erlendis	-15.561	0	-63.476	-70.851	-155.121
Greiðslur til LSR og LH	-1.980	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-6.800	-117.308	-206.817	-45.827	-191.885
Lántökur	62.319	123.934	235.004	171.222	173.753
Innanlands	62.319	116.585	101.868	43.092	42.208
Erlendis	-	7.349	133.136	128.130	131.545
Breyting á handbæru fé	55.519	6.626	28.187	125.395	-18.132

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 251,9 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins sem er 17,6% aukning frá sama tímabili í fyrra og 22,2 ma.kr. eða 9,7% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þótt innheimtan sé vissulega sterk má að hluta rekja þetta mikla frávik til þess að arðgreiðslur innheimtust fyrr en gert hafði verið ráð fyrir. Fjármunatekjur og tekjur sem teljast óreglulegar námu 10,4 ma.kr. á fyrri árshelmingi og ef leiðrétt er fyrir þeim námu heildartekjur ríkissjóðs á tímabilinu 241,5 ma.kr. sem er 11,8 ma.kr. eða 4,3% yfir áætlun. Nánar verður vikið að einstökum liðum óreglulegra tekna hér fyrir neðan eftir því sem tilefni er til.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 15,6% á milli ára og námu 229,3 ma.kr. sem er 15,6 ma.kr. yfir áætlun. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 54,5 ma.kr. sem er 16,9%



Fjármálaráðuneytið

aukning á milli ára og 8,3% yfir áætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti og útsvari jukust um tæplega 15% á milli ára og því ljóst að skattstofn tekjuskatts hefur styrkst umtalsvert á undanförunum mánuðum, sem að hluta má rekja til kjarasamninga sem tóku gildi á síðastliðnu ári. Hluta frávíksins má einnig rekja til meiri úttekta séreignarsparnaðar en gert var ráð fyrir. Fjármagnstekjuskattur dróst saman um tæp 24% á milli ára og nam 16,0 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. undir áætlun. Að stórum hluta er þetta staðgreiðsla af vaxtatekjum 4. ársfjórðungs 2011 sem er drjúgur hluti ársinnheimtunnar. Rétt er að hafa í huga að þetta neikvæða frávik er ekki endilega vísbending um þróunina á árinu í heild, þar sem innheimta fjármagnstekjuskatts er nokkuð sveiflukennd eftir mánuðum. Auk þess er viðbúið að minni innheimta á fyrri hluta ársins hafi í för með sér minni endurgreiðslur til lögaðila síðar á árinu. Þá má rekja hluta frávíksins frá áramótum til óvenjumikillar endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts til lögaðila á tímabilinu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	196.027	198.138	229.310	10,1	1,1	15,7
Skattar á tekjur og hagnað	74.559	74.584	86.169	-6,4	0,0	15,5
Tekjuskattur einstaklinga	47.829	46.657	54.537	9,9	-2,5	16,9
Tekjuskattur lögaðila	6.075	6.939	15.590	-23,9	14,2	124,7
Skattur á fjármagnstekjur	20.656	20.988	16.042	-26,6	1,6	-23,6
Eignarskattar	2.093	2.089	5.911	-17,3	-0,2	183,0
Skattar á vöru og þjónustu	85.712	85.196	98.768	16,0	-0,6	15,9
Virðisaukaskattur	58.605	56.123	65.362	14,4	-4,2	16,5
Vörugjöld af ökutækjum	754	1.279	2.144	-15,6	69,7	67,6
Vörugjöld af bensíni	4.762	5.339	5.668	1,0	12,1	6,2
Skattar á olíu	2.793	2.799	3.012	9,3	0,2	7,6
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6.964	7.130	7.727	11,0	2,4	8,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	11.835	12.527	14.855	44,2	5,9	18,6
Tollar og aðflutningsgjöld	2.940	3.230	3.536	31,8	9,9	9,5
Aðrir skattar	1.804	1.823	3.029	25,7	1,0	66,2
Tryggingagjöld	28.919	31.217	31.897	57,3	7,9	2,2
Fjárframlög	310	485	538	-8,7	56,2	10,9
Aðrar tekjur	16.664	15.434	20.882	-36,4	-7,4	35,3
Sala eigna	19.474	192	1.214	-	-	-
Tekjur alls	232.475	214.249	251.944	13,4	-7,8	17,6

Innheimtar tekjur af tekjuskatti lögaðila námu 15,6 ma.kr. sem er 8,4 ma.kr. yfir áætlun. Þetta mikla frávik á sér að hluta skýringu í því að uppgjör fyrri ára höfðu í för með sér 3,6 ma.kr. viðbótartekjur á tímabilinu, en þau geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóð. Ef litið er framhjá áhrifum þeirra námu tekjur af tekjuskatti lögaðila 12,0 ma.kr. Tekjur af tryggingagjaldi jukust um 2,2% á milli ára og námu 31,9 ma.kr. sem er 2,5% meira en



Fjármálaráðuneytið

áætlað var. Tryggingagjaldsprósantan er lægri í ár en í fyrra en þrátt fyrir það hefur innheimtan aukist á milli ára. Skýringin er sú að heildarlaunastofn í janúar-júní er um 11% hærri í ár en í fyrra, sem er nokkru meiri vöxtur en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar.

Tekjur af eignarsköttum, að frátalinni sérstakri greiðslu frá lífeyrissjóðum, námu 4,5 ma.kr. samanboreið við áætlun upp á 5,3 ma.kr. Þar af munar mest um 0,7 ma.kr. minni innheimtu auðlegðarskatts en áætlanir gerðu ráð fyrir. Sérstakt gjald á lífeyrissjóði, sem er flokkað sem eignarskattur, skilaði 1,4 ma.kr. á tímabilinu. Sú greiðsla er vegna ársins 2011 og var á gjalddaga í árslok 2011 en eindaga nokkrum vikum síðar.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu alls 98,8 ma.kr. sem er 15,9% aukning á milli ára og 3,2 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Frávikið má að mestu rekja til meiri tekna af virðisaukaskatti og vörugjöldum af ökutækjum því aðrir liðir óbeinna skatta voru að jafnaði í takt við áætlun. Ef lítið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 2,8% umfram verðlagsbreytingar. Sá liður sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta er virðisaukaskattur og námu tekjur af honum 65,4 ma.kr. á fyrri árs-helmingi sem er 2,1 ma.kr. eða 3,4% yfir tekjuáætlun. Tekjur af virðisaukaskatti eru nokkuð sveiflukenndar, m.a. vegna endurgreiðslna innskatts, og tölur fyrir einstaka mánuði vart marktækar í samanburði við áætlanir. Tímabilið allt frá upphafi árs er þó orðið ágætlega samanburðarhæft við áætlanir og fyrri ár. Skattskyld velta hefur verið að ná sér á strik eftir mikla dýfu árána 2008-2009, og jókst um 5,9% að raunvirði á fyrstu tveimur virðisaukaskattstímabilum ársins (janúar-apríl).

Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum jukust um tæp 68% á milli ára og námu 2,1 ma.kr., enda hefur innflutningur bifreiða aukist verulega síðastliðin misseri. Innheimta vörugjalda af ökutækjum er 0,7 ma.kr. yfir áætlun. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi jukust samanlagt um 8,4% á milli ára og námu 7,7 ma.kr. Þar af skilaði tóbaksgjald 2,5 ma.kr. sem er í takt við áætlun og áfengisgjald 5,2 ma.kr. sem er heldur yfir áætlun. Tölur yfir sölu áfengis og tóbaks benda til þess að gjaldstofn áfengisgjalds hafi aukist lítillega á milli ára á meðan gjaldstofn tóbaksgjalds hefur dregist nokkuð saman og er sú þróun í grófum dráttum eins og reiknað var með. Athygli vekur að magn keypts reyktóbaks jókst um 15,4% á fyrri árs-helmingi miðað við sama tímabil í fyrra á meðan sala á sígarettum dróst saman um hátt í 5%. Þetta bendir til þess að einhverjir neytendur hafi skipt út tilbúnum sígarettum fyrir ódýrari valkost í sparnaðarskyni. Þá vekur einnig athygli að magn selds neftóbaks hefur einungis dregist saman um 1,7% á milli ára þrátt fyrir 75% hækkun neftóbaksgjalds um síðustu áramót. Bensín- og olíugjöld skiluðu samtals 8,7 ma.kr. sem er í takt við tekju-áætlun.

Aðrar tekjur jukust um ríflega þriðjung á milli ára og námu alls 21,9 ma.kr. sem er 6,5 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til arðgreiðslu frá Landsvirkjun og Seðlabankanum (4,4 ma.kr.) og söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og í febrúar sl. (1 ma.kr.) Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum tekjum nema að litlu leyti í tekjuáætlun tímabilsins janúar-júní.



Fjármálaráðuneytið

Greidd gjöld námu 268,6 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 19,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 7,8%. Greidd gjöld voru innan fjárheimilda tímabilsins um 6,4 ma.kr. eða 2,3%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 8,4 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlanir. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 973 m.kr. milli ára en voru 1,7 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með greiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála jukust um 1,1 ma.kr. milli ára en voru lítillega innan heimilda. Aukningin skýrist að stærstu leyti með greiðslum vegna Lífeyristrygginga sem jukust um 1,9 ma.kr. milli ára og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð sem jukust um 0,8 ma.kr., en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif. Á móti dragast útgjöld nokkurra bótaflokka saman milli ára, þar sem munar mest um greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem lækka um 1,3 ma.kr. milli ára.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 3,6 ma.kr. milli ára sem var gert ráð fyrir í áætlunum. Útgjöld Landspítala jukust um 1,7 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Þá jukust útgjöld vegna Sjúkratrygginga um 369 m.kr. milli ára. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust milli ára um 1,3 ma.kr. en voru 3,1 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með stöðu ýmissa sjóða og safnliða sem gert er ráð fyrir að ráðstafa á seinni hluta ársins.. Útgjöld Vegagerðarinnar voru 831 m.kr. hærri en á sama tímabili 2011 og voru jafnframt 211 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til menntamála voru 1,2 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en 1,4 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld vegna framhaldsskóla jukust um 873 m.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlanir. Útgjöld Háskóla Íslands drógust saman um 260 m.kr. milli ára og voru þau jafnframt 1,3 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþrótt- og trúmála voru 153 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en voru 566 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,6 ma.kr. milli ára en voru 272 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Þessi aukning skýrist að mestu með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 486 m.kr. milli ára og eru jafnframt 218 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld vegna Héraðsdómstóla um 82 m.kr. milli ára, Sérstaks saksóknara um 155 m.kr., Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um 207 m.kr. og Landsdómur um 71 m.kr. Útgjöld Ofanflóðasjóðs aukast um 256 m.kr. milli ára en eru 667 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til umhverfisverndar eru 201 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 42 m.kr. innan áætlana. Útgjöld Umhverfisstofnunar aukast um 73 m.kr. milli ára og útgjöld Vatnajökulspjóðgarðs um 48 m.kr. Úrvinnslusjóður er 109 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 59 m.kr. milli ára. Þá eru útgjöld Endurvinnslunnar 93 m.kr. innan heimilda en svipuð og á síðasta ári. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 237 m.kr. og voru jafnframt 286 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis-, skipulags- og veitumála drógust lítillega saman milli ára eða um 121 m.kr. og voru jafnframt lítillega innan heimilda. Óregluleg útgjöld jukust um 1,2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 1,3 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 532 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 911 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð



Fjármálaráðuneytið

fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur 620 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra og var jafnframt 320 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir.

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	65.200	59.176	68.581	-9,2	15,9
Þar af vaxtagreiðslur	43.570	36.993	45.425	-15,1	22,8
Varnarmál	794	649	412	-18,2	-36,5
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	8.994	8.880	10.436	-1,3	17,5
Efnahags- og atvinnumál	27.322	23.641	24.982	-13,5	5,7
Umhverfisvernd	2.197	2.207	2.408	0,4	9,1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	326	234	113	-28,1	-51,7
Heilbrigðismál	56.111	55.318	58.895	-1,4	6,5
Menningar-, íþrótt- og trúmál	8.196	8.283	8.436	1,1	1,8
Menntamál	27.791	26.180	27.408	-5,8	4,7
Almannatryggingar og velferðarmál	56.224	59.473	60.590	5,8	1,9
Óregluleg útgjöld	8.488	5.098	6.306	-39,9	23,7
Gjöld alls	261.644	249.140	268.568	-4,8	7,8

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 27,2 ma.kr. á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 26,9 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 164,6 ma.kr., þar af voru 155,1 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu lána Norðurlanda í mars og 78 ma.kr. í júní. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. Aðrar erlendar afborganir námu 4,8 ma.kr. Innlendar afborganir námu 9,5 ma.kr., þar af nam forinnlausn ríkissjóðs á ríkisbréfum á gjalddaga í ágúst 7 ma.kr.

Lántökur námu 173,8 ma.kr. á tímabilinu, þar af voru 42,2 ma.kr. gefnir út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 51,9 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 24,8 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 27,1 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 13,6 ma.kr. Í maí gaf ríkissjóður út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði Bandaríkjadala, að jafnvirði 124,5 milljörðum króna. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam 7 ma.kr.